

70 ára Guðmundur Guðmundsson

Sjötíu ára varð þann 30. október Guðmundur Guðmundsson, Bala á Stafnesi á Miðnesi. Guðmundur var fyrr á árum útvegsbóndi, sem kallað var. Hann og fleiri bændur á Stafnesinu voru þá með bú, helzt kýr. Og svo gerðu þeir út skip, trillur, sem kallaðar voru. Á heimili Guðmundar var alltaf margt fólk og mikið að gera, er vertið hófst að vetrinum. Þurfti þá að taka sjómenn inn á heimilið, og oftast stúlku til hjálpar húsmóðurinni, því að á vertið urðu húsmæður að taka mikið til að sér að sjá um búpening, er menn þeirra voru við sjóróðra. Þurfti þá stúlkurnar líka að hjálpa til bæði úti og inni. Þá voru ekki vélarinnar til að létta undir, hvorki við þvotta né önnur störf. Eg kom til Guðmundar og Guðrúnar konu hans 17 ára unglingur árið 1939 og var ráðin til hjálpar Guðrúnu til vertíðarloka. Oft var margt um manninn í Bala og gestkvæmt þar, ef fri gafst frá útgerðarstörfunum. Það var nú helzt í landlegum og á hátíðisdögum, að fólk kom saman og ræddi sín áhugamál. Tóku bæði hjónin þátt í kæti og gleði fólksins, því bæði voru þau gestrisin og gláðvær að edlisfari og því laðaðist fólkid svo mjög að þeirra góða heimili Stundum, er voraði og veður var gott, var farið út í leiki, svo sem fallin spýtan og hlaupið í skarðið, og



stundum farið í smá gönguferðir, ef tími vannst til. Engum þurfti að leiðast, nóg var að starfa. Þótt allt væri fábrottnara í skemmtanalífínu en nú, virtist unga fólkid una glatt við sitt, engu síður en í öllu þessu fjölbreytta skemmtanalífi nútímans. Eg vil nú óska frænda mínum, Guðmundi

Guðmundssyni, innilega til hamingju með afmælisdaginn og óska þeim báðum hjónunum gæfu og gengis á ókomnum ævivegum. Guðrún Guðmundsdóttir, kona Guðmundar, varð 70 ára 12. júlí í sumar. Það fer oft hljótt um sveitir þótt bændafólk eigi stórafmæli, en hver veit hvað í þeim einstaklingum býr, sem hljóðast er um á voru landi? Þessi sæmdarhjóñ eiga skilið að hugsað sé til þeirra. Þau hafa skilað löngum vinnudegi og gera enn. Eg, sem óreyndur unglingur, á þeim margt að þakka, sem ekki verður goldið né metið til fjár. Þar lærði maður að taka bæði mótlæti og meðlæti. Þar naut maður þess að mótast af góðri forystu fólks, sem kunni að láta stjórnast af duttlungum vedurs og hafs. Því þarna á Stafnesinu eru bæði brim og boðar. En þar er fallett umhverfi. Stafnes er þar sem lítil vin í eyðimörk, með haf á einn veginn, stundum úfið, en samt ægí-fagurt í mikilleik sínum, en þess á milli slétt sem spegill. Guðmundur og Guðrún eiga 7 mannvænleg börn á lífi, tvo syni enn í foreldrahúsum, ókvænta. Hin eru búsett í nærliggjandi þorpum, Sandgerði og Keflavík.

Við sendum ykkur, kæru hjón, okkar beztu árnáðaróskir með þennan merkisdag.

Frændkona

félagsins á þessum mikilsverða þætti uppeldis- og menningarmála.

Sem betur fer eigum við nokkra ágæta þýðendur barna- og unglingabóka. Einn þeirra Sigurður Gunnarss. Hann hefur verið afkastamikill á þessu sviði þýtt hvorki meira né minna en á sjötta tug bóka, aðallega úr norsku, dönsku og sænsku, og cinnig úr ensku. Afköstin hafa samt ekki verið á kostnað vandvirkinnar. Sigurður er smekkvís þýðandi og ritar gott og edlilegt mál. Þá hefur hann fylgt þeirri meginreglu, að efni bókanna vekti athygli og áhuga hinna ungu lesenda væri hvort tveggja í senn skemmtilegt og þroskandi. Þó án þess að um nokkrun predikunartón væri að ræða. Einnig hefur Sigurður haft í huga, að unga fólkid sjálft gæti dregið nokkrun lærdóm af sögunum, haft til hlíðsjónar orð og athafnir persónanna.

Mig langar til að nota þetta tækifæri til að færa Sigurði persónulega mínar beztu þakkir fyrir ágætar þýðingar fjölda úrvalsbóka. Hér er ekki rúm

til upptalninga, en lesefni ungu kynslóðarinnar væri stórum fátæklegra hefði hans ekki notið við.

Eg vona að sá tími sé skammt undan, að samfélagid kunni að meta að verðleikum starf góðra þýðenda, og þá verður nafn Sigurðar ofarlega á bláði.

Sigurður hefur einnig frumsamið og þýtt kennslubækur t.d. í áthagafræði, landafræði og líffræði. Þá hefur Sigurður verið aðalritstjóri bókarinnar „Vorblómið“, sem unglingaregla I.O.G.T. hefur gefið út árlega síðastliðin tíu ár. Mikið af efni ritsins er eftir hann sjálfan, þar á meðal ljóð. en Sigurður er skáld gott, þó hann flíki því lítt.

Þá er Sigurður ágætur upplesari. Margar þýðingar sínar hefur hann flutt í ríkisútvarpið.

Það er afmælisósk mín Sigurði til handa að honum gefist tórn til að sinna hugðarefnum sínum, og hann megi enn um langt árabil vinn að þýðingum sínum á úrvals barna- og unglingabókum grannþjóðanna. Er það einn þátt-

urinn í norrænni samvinnu og ekki sá veigaminnsti. En þýðingarstarf Sigurðar mun vissulega bera ávöxt í auknum kynnum og tengslum Norðurlandaþjóðanna.

Margt er enn ótalið, sem Sigurður hefur lagt á gjörva hönd um dagana. Má til dæmis nefna að hann á mjög stórt og verðmætt bókasafn. En bækurnar hefur hann flestar bundið sjálfur, og sér enginn annað, en þar hafi verið fagmaður að verki. Það gefur auka leið, að Sigurður gæti ekki afkastað því feiknamikla og margþætta starfi, sem hann hefur leyst af höndum, nema hann ætti fríðsælt og gott heimili. Sú er líka raunin á. Sigurður er kvæntur ágætiskonu, Guðrúnu Karlsdóttur, skólastjóra Finn-bogasonar, og eiga þau þrjá uppkomna syni, Karl, Gunnar og Vilhjálrm.

Við hjónin sendum Sigurði og fjölskyldu hans okkar beztu hamingjuóskir í tilefni afmælisins og árnun honum allra heilla í framtíðinni.

Armann Kr. Einarsson.